

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2003/EES/23/35

frá 21. desember 2000

um breytingu á ákvörðun 95/232/EB um tilhögun tímabundinnar tilraunar samkvæmt tilskipun ráðsins 69/208/EBE til að ákvarða hvaða skilyrði fræ blendinga og samsettra afbrigða repju og akurfrækáls þurfi að uppfylla (*)

(tilkynnt með númeri C(2000) 4023)

(2001/18/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 69/208/EBE frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 98/96/EB ⁽²⁾, einkum 12. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/232/EB ⁽³⁾, eins og henni var breytt með ákvörðun 1999/84/EB ⁽⁴⁾, var innleidd tímabundin tilraun með sérstökum skilyrðum í þeim tilgangi að setja skilyrði sem fræ blendinga og samsettra afbrigða repju og akurfrækáls þurfa að uppfylla. Henni á að ljúka 31. desember 2000.
- 2) Á þeim tíma sem tilraunin hefur staðið hafa aðferðir við ræktun slíks fræs þróast, einkum með tilliti til karlófrjósemi.
- 3) Enn hefur hvorki verið hægt að draga ályktanir né setja endanleg skilyrði sem fræ blendinga og samsettra afbrigða repju og akurfrækáls þurfa að uppfylla.
- 4) Það er því æskilegt að framlengja tímabil yfirstandandi tilraunar í þeim tilgangi að meta hvort breytingar skuli gerðar á ákvæðum bandalagsins síðar meir.

- 5) Brýnt er að samfelldni tilraunarinnar verði ekki rofin.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað „31. desember 2000“ í 3. og 5. mgr. 5. gr. ákvörðunar 95/232/EB komi „30. júní 2002“.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. desember 2000.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. desember 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 4, 9.1.2001, bls. 36, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2002 frá 25. júní 2002 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 49, 3.10.2002, bls. 17.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 169, 10.7.1969, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 25, 1.2.1999, bls. 27.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 154, 5.7.1995, bls. 22.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 27, 2.2.1999, bls. 31.